



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 4. maí 2016

Ákvörðun nr. 14/20016

Kaup Blásala ehf. á Talenta ehf. og Staka automation ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi frá Deloitte ehf., dags. 7. apríl 2016, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Blásala ehf. (hér eftir Blásalir) á öllu hlutfé í Talenta ehf. (hér eftir Talenta) og Staka automation ehf. (hér eftir Staki). Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, í samræmi við 6. og 7. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum, þ.e. svokölluð styttri samrunatilkynning. Þrátt fyrir að samrunaaðilar telji að veltuskilyrði 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 séu uppfyllt telja þeir „*umtalsverðar líkur á því að samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila sé langt undir 20%*“. Telja þeir landfræðilegan markað málsins vera alþjóðlega eða það sem samsvarar EES svæðis. Með bréfi dags. 13. príl sl. var samrunaaðilum tilkynnt að um fullnægjandi tilkynningu væri að ræða í samræmi við samrunareglur samkeppnislaga. Frestur Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga byrjaði því að líða frá og með 8. apríl sl.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela umrædd kaup í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 enda veltuskilyrði ákvæðisins uppfyllt. Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga um markað málsins og verður þeirra getið eftir því sem við á í ákvörðun þessari. Ekki þótti ástæða til að rannsaka samkeppnisleg áhrif samrunans frekar og klárast málið því á fasa I.

II.

Samruninn

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Blásalir er eignarhaldsfélag sem er stofnað vegna kaupa á félögunum Talenta og Staka. Eigendur Blásala eru þrír. Deloitte á helmingshlut og fer með yfirráð yfir félaginu en aðrir eigendur eru einstaklingar sem eiga fjórðungshlut hvor.

Í tilkynningunni kemur jafnframt fram að engin starfsemi hafi verið í Blásölum fyrir kaupin. Talenta og Staki starfa á upplýsingatæknimarkaði, nánar tiltekið annars vegar á markaði fyrir þróun og sölu hugbúnaðar og hinsvegar markaði fyrir ráðgjöf í



upplýsingatækni. Talenta og Staki eru fyrir samrunann í meirihluta eigu Símans. Um Deloitte segir í samrunaskrá:

„Deloitte, sem er móðurfélag Blásala í félagaréttarlegum skilningi, er einkahlutafélag með skráða ÍSAT atvinnugreinaflokkun 69.20.0., Reikningshald, bókhald og endurskoðun; skattaráðgjöf. Deloitte veitir þjónustu og ráðgjöf á sviði endurskoðunar og reikningsskila, ásamt fjármálaráðgjöf, skatta- og lögfræðiráðgjöf og ráðgjafar á sviði upplýsingaöryggis (Enterprise Risk Services). Þjónusta Deloitte sem snýr að upplýsingatækni er einkum á sviði innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggis og endurskoðun upplýsingakerfa, ásamt því að Deloitte veitir almenna ráðgjöf á sviði upplýsingatækni, einkum á sviði UT þjónustustýringar og innleiðingar ITIL ferla (IT Infrastructure Library). Innan Deloitte eru þrjú svið sem starfa að einhverju leiti við upplýsingatækni, en það eru ráðgjafasvið, viðskiptalausnasvið og áhættuþjónustusvið“.

Að mati samrunaaðila skarast starfsemi samrunaaðila einna helst á sviði ráðgjafar til fyrirtækja vegna hugbúnaðar og þróun ásamt sölu hugbúnaðar og telja þeir að landfræðilegur markaður sé EES svæðið. Telja þeir jafnframt að hlutdeild Staka og Talenta hvort um sig sé vel undir 1% af heildarveltu á innlendum markaði í sambærilegum rekstri. Er það jafnframt mat samrunaaðila að hlutfall Deloitte á þessum mörkuðum sé einnig vel undir 1%. Í tilkynningunni seigir jafnframt að:

„Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Augljóst er miðað við takmörkuð umsvif aðila á markaðnum að samruni þessi muni ekki hafa neikvæð áhrif á samkeppni. Um er að ræða aðila með óverulega hlutdeild á innlendum markaði og vart mælanlega hlutdeild þegar litið er til alþjóðlegs markaða. Þjónusta Deloitte á sviði upplýsingatækni innanlands er mjög takmörkuð í dag. Markmið með kaupum á Staka og Talenta er að byggja upp öflugra upplýsingatækniþjónustu hjá Deloitte.“

III.

Niðurstaða

Fram hefur komið við rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samrunanaum að samlegðaráhrif samrunans mun einkum vera á sviði ráðgjafarþjónustu á upplýsingatækni sviði til fyrirtækja. Við mat á þeim mörkuðum sem áhrifa hugsanlega gætir vegna samrunans kom í ljós að allnokkur innlend hugbúnaðarfyrirtæki starfa á þeim mörkuðum. Þá er ljóst að mörg stærri fyrirtækja á Íslandi hafa sótt sér lausnir til að sinna þörfum fyrir viðskiptalausnir til öflugra hugbúnaðarfyrirtækja erlendis. Í einhverjum tilvikum hafa lausnir verið unnar í samvinnu innlendra og erlendra aðila. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði eða mörkuðum sem um ræðir bendir sem slík ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til. Þá ber að hafa í huga að litlar aðgangshindranir eru að viðkomandi markaði. Því til stuðnings má t.a.m. benda á að töluverðar breytingar hafa verið á upplýsingatækni markaði undanfarin ár og hlutdeild og staða fyrirtækja breyst hratt frá



einu tímabili til annars, sér í lagi með örri tækniþróun. Með vísan til alls þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að fyrir hendi sé töluvert samkeppnislegt aðhald á markaðnum.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins og upplýsingum frá keppinautum er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Blásasa á Talenta og Staka á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV. Ákvörðunarorð

„Kaup Blásala ehf. á Talenta ehf. og Staka automation ehf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson